

## GJALDSKRÁ

fyrir söfnunarstöð úrgangs á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði

### 1. gr.

#### Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 236/2018.

### 2. gr.

#### Um móttökugjöld íbúa

Íbúar greiða móttökugjöld á söfnunarstöð sveitarfélagsins með klippikorti eftir rúmmáli og úrgangstegund farms skv. 4. gr. Starfsmaður söfnunarstöðvar metur í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskrá að fenginni lýsingu úrgangshafa og umfang farms.

Grunneining á klippikorti er 0,25 m<sup>3</sup> sem jafngildir einni 240 l heimilistunnu að stærð. Lágmarksgjald fyrir gjaldskyldan úrgang miðast við þá einingu.

Um klippikort fer eftir gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 1560/2022.

Ólíkum úrgangstegundum skal haldið aðskildum og skilað í viðeigandi flokka á söfnunarstöð.

### 3. gr.

#### Um móttökugjöld fyrirtækja

Fyrirtæki greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr/kg) skv. 4. gr. og skulu slíkir farmar vigtaðir á hafnarvog sveitarfélagsins á opnunartíma hennar. Nauðsynlegt er að sýna vigtarnótu eða staðfestingu á vigtun til að komast inn á söfnunarstöðina á Höfn með slíka farma.

Í ákveðnum tilfellum skal fyrirtæki tómvigta ökutæki á hafnarvog eftir farmlosun á söfnunarstöð. Sé þeirri skyldu ekki sinnt skal innheimta lágmarksgjald sem jafngildir 200 kg. af blönduðum / grófum úrgangi eða 12.000 kr.

Heimilt er að neita frekari förmum frá slíkum ökutækjum þar til tómvigtnun hefur farið fram.

Fyrir vigtanir eru greidd vogargjöld skv. gjaldskrá Hornafjarðarhafnar.

Ólíkum úrgangstegundum skal haldið aðskildum og skilað í viðeigandi flokka á söfnunarstöð.

## 4. gr.

## Móttökugjöld á söfnunarstöð

Gjöld vegna móttöku úrgangs á söfnunarstöð\* eru eftirfarandi:

<b>Flokkur 1.</b> <b>Blandað eða kostnaðarsamt efni**</b>	<b>Kr. kg.</b>	<b>Fjöldi klippa per 0,25 m<sup>3</sup></b>
<b>Blandaður / grófur úrgangur:</b> Úrgangur sem ekki á sér farveg til endurvinnslu eða blanda tveggja eða fleiri ólíkra úrgangstegunda s.s. grófur úrgangur frá framkvæmdum, ónýtt húsgögn eða heimilisúrgangur. Má ekki innihalda endurvinnanlegan úrgang.	60	2
<b>Plast án úrvinnslugjalds:</b> Harðplast, plaströr, fiskikör og annað sambærilegt plast.	60	2
<b>Litað timbur:</b> Litað, málað, fúavarið, plasthúðað eða blandað.	45	2
<b>Flokkur 2.</b> <b>Flokkað efni**</b>	<b>Kr. kg.</b>	<b>Fjöldi klippa per 0,25 m<sup>3</sup></b>
<b>Hreint timbur:</b> Ekki litað, málað eða fúavarið.	25	1
<b>Gifs og gifsplötur</b>	25	1
<b>Matarafgangar í moltugerð:</b> Lífúrgangur frá heimilum eða rekstraraðilum.	25	1
<b>Hreint steinefni frá framkvæmdum:</b> Steypubrot, postulín, flísar, keramik, gler og uppmokstur.	25	1
<b>Flokkur 3.</b> <b>Hreint endurvinnanlegt efni**</b>	<b>Kr. kg.</b>	<b>Fjöldi klippa per 0,25 m<sup>3</sup></b>
<b>Plastumbúðir</b>	0	0
<b>Pappír, sléttur pappi, dagblöð og tímarit</b>	0	0
<b>Bylgjupappi</b>	0	0
<b>Frauðplast</b>	0	0
<b>Heyrúlluplast og stórsekkir - hreint</b>	0	0
<b>Málmumbúðir / Brotajárn</b>	0	0
<b>Glerumbúðir s.s. flöskur og krukkur</b>	0	0
<b>Garðaúrgangur án aðskotahluta</b>	0	0
<b>Endurnýtanlegir hlutir í nytjagám</b>	0	0
<b>Hjólbarðar</b>	0	0
<b>Raftæki</b>	0	0
<b>Rafhlöður og rafgeymar***</b>	0	0
<b>Málning og spilliefni***</b>	0	0

\*Ekki er tekið við kjöt og sláturúrgangi, seyru og fitu, sóttmengunum úrgangi, brotajárni sem inniheldur spilliefni eða veiðarfærum á söfnunarstöð.

\*\*Farmar eiga að koma flokkaðir á söfnunarstöð. Fyrir óflokkaða farma eða endurvinnanlega farma sem innihalda óhreint efni er heimilt að innheimta tímagjald við flokkun og frágang að upphæð 9.000 kr./klst.

\*\*\*Fyrir rafhlöður eða rafgeyma og spilliefna án úrvinnslugjalds er heimilt að innheimta gjöld fyrir útlögðum förgunarkostnaði.

## 5. gr.

### Móttökugjöld á urðunarstað

Fyrir farma á urðunarstað skulu eftirfarandi gjöld greidd fyrir hvert kíló skv. vigt á hafnarvog sveitarfélagsins.

Úrgangstegund	Kr. kg.
<b>Blandaður / grófur úrgangur:</b> Úrgangur sem ekki á sér farveg til endurvinnslu eða blanda tveggja eða fleiri ólíkra úrgangstegunda s.s. grófur úrgangur frá framkvæmdum, ónýtt húsgögn eða heimilísúrgangur. Má ekki innihalda endurvinnanlegan úrgang.	45
<b>Kjöt og sláturúrgangur</b>	30
<b>Seyra og fita</b>	30
<b>Matarleifar í moltugerð</b>	20

Aðeins fyrirtækjum sem hafa heimild sveitarfélagsins og eru með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint á urðunarstaðinn í Lóni. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila urðunarstaðar.

Innihaldi farmar losunaraðila annan úrgang en þann sem heimilt er að losa á urðunarstaðinn, eða úrgang sem væri hæfur til endurvinnslu, getur sveitarfélagið dregið til baka heimild til farmlosunar á urðunarstað.

## 6. gr.

### Aðfararheimild

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með aðför sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

## 7. gr.

### Lagaheimild og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 11. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1706/2021.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, x. janúar 2023

Sigurjón Andrésen  
bæjarstjóri